

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 123/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 2001/64/EB frá 31. ágúst 2001 um breytingu á tilskipun 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja og tilskipun 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/8/EB frá 6. febrúar 2002 um breytingu á tilskipunum 72/168/EBE og 72/180/EBE um einkenni og lágmarksskilyrði við skoðun á stofnum matjurta og nytjajurta í landbúnaði <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/98/EB frá 28. janúar 2002 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu frætægundar sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 69/208/EBE <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 60.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 14.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á III. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE) og 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE) í I. hluta:

„- **32001 L 0064:** Tilskipun ráðsins 2001/64/EB frá 31. ágúst 2001 (Stjtið. EB L 234, 1.9.2001, bls. 60).“

2. Eftirfarandi bætist við í 7. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/168/EBE) og 8. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/180/EBE) í I. hluta:

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0008:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/8/EB frá 6. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 7).“

3. Eftirfarandi liður komi aftan við 16. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/165/EB) í II. hluta:

„17. **32002 D 0098:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/98/EB frá 28. janúar 2002 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu frætegundar sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 69/208/EBE (Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 14).“

*2. gr.*

Texti tilskipana 2001/64/EB og 2002/8/EB og ákvörðunar 2002/98/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*